

HB Grandi hf.
Samandreginn árshlutareikningur
samstæðunnar
30. júní 2013
í evrum

HB Grandi hf.
Norðurgarði 1
101 Reykjavík

Kt. 541185-0389

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra	3
Könnunaráritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	5
Yfirlit um heildarafkomu	6
Efnahagsreikningur	7
Eiginfjáryfirlit	8
Sjóðstreymisyfirlit	9
Skýringar	10

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Árshlutareikningurinn hefur að geyma samstæðureikning HB Granda hf. og dótturfélaga þess.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður af rekstri samstæðunnar á tímabilinu 16.222 þús. evrum. Samkvæmt yfirliti um heildarafkomu var heildarafkoma samstæðunnar á tímabilinu jákvæð um 15.567 þús. evrur.

Eigið fé samstæðunnar í lok tímabilsins var 173.814 þús. evrur samkvæmt efnahagsreikningi.

Í júlí 2013 samþykkti Alþingi breytingu á lögum um veiðigjöld fyrir fiskveiðiárið 2013/2014. Sérstakt veiðigjald fyrir botnfiskheimildir var lækkað úr 23,20 kr. í 7,38 kr. á þorsgildiskiló og sérstakt veiðigjald fyrir uppsjávarfiskheimildir var hækkað úr 27,50 kr. í 38,25 kr. Þar sem breyting á sérstöku veiðigjaldi nær aðeins yfir eitt fiskveiði ár og óvissa er um veiðigjöld eftir fiskveiðiárið 2013/2014 telja stjórnendur að ekki sé til staðar forsendur um að breyta mati aflaheimilda. Ef framangreind breyting á sérstöku veiðigjaldi yrði til frambúðar þá kæmi til bakfærslu á áður færðri virðisýrnum á eignfærðum aflaheimildum botnsfisks.

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er árshlutareikningur samstæðunnar í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu samstæðunnar 30. júní 2013 og rekstrarafkomu samstæðunnar og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2013.

Stjórn og forstjóri HB Granda hf. hefur í dag fjallað um samstæðuárshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2013 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Vopnafjörður, 22. ágúst 2013.

Stjórn félagsins:

Kristján Loftsson

Halldór Teitsson

Hanna Ásgeirsdóttir

Jóhann Hjartarsson

Rannveig Rist

Forstjóri:

Vilhjálmur Vilhjálmsson

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar HB Granda hf.

Inngangur

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn samstæðuárshlutareikning HB Granda hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2013, sem hefur að geyma rekstrarreikning, yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjárfirlit, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Stjórnendur félagsins eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við alþjóðlegan staðal um árshlutareikninga, IAS 34. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn og er byggð á könnuninni.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410 um *Könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum*. Könnun árshlutareiknings felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum, ásamt greiningum og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn víðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit á árshlutareikningnum.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að meðfylgjandi samandreginn samstæðuárshlutareikningur sé ekki í öllum meginatriðum í samræmi við IAS 34 „Árshlutareikningar“.

Reykjavík, 22. ágúst 2013.

KPMG ehf.

Krístur Ingólfssdóttir

Auður Þórisdóttir

Rekstrarreikningur 1. janúar til 30. júní 2013

	Skýr.	2013 1.1.-30.6.	2012 1.1.-30.6.
Seldar vörur		99.310	93.259
Kostnaðarverð seldra vara	6	(72.307)	(61.339)
Vergur hagnaður		<u>27.003</u>	<u>31.920</u>
Útflutningskostnaður		(6.065)	(5.494)
Annar rekstrarkostnaður		(2.569)	(3.033)
Virðisrýrnun aflaheimilda		<u>0</u>	<u>(21.601)</u>
Rekstrarhagnaður		<u>18.369</u>	<u>1.792</u>
Fjáreignatekjur		34	40
Fjármagnsgjöld		(1.307)	(2.234)
Gengismunur	7	<u>4.214</u>	<u>173</u>
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld samtals		<u>2.941</u>	<u>(2.021)</u>
Áhrif hlutdeildarféлага		(1.502)	1.252
Hagnaður fyrir tekjuskatt		<u>19.808</u>	<u>1.023</u>
Tekjuskattur	8	(3.586)	(2.543)
Hagnaður (tap) tímabilsins		<u>16.222</u>	<u>(1.520)</u>
Skipting hagnaðar (taps):			
Hluthafar móðurfélags		16.281	(1.674)
Hlutdeild minnihluta		(59)	154
Hagnaður (tap) tímabilsins		<u>16.222</u>	<u>(1.520)</u>
EBITDA		<u>24.139</u>	<u>28.688</u>
Hagnaður (tap) á hlut:			
Grunnhagnaður (-tap) og þynntur hagnaður (-tap) á hlut (ISK)		0,0096	(0,001)

Skýringar á blaðsíðum 10 til 12 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum

Yfirlit um heildarafkomu 1. janúar til 30. júní 2013

	2013 1.1.-30.6.	2012 1.1.-30.6.
Hagnaður (tap) tímabilsins	16.222	(1.520)
Rekstrarliðir færðir á eigið fé:		
Býðingarmunur vegna starfsemi erlendra dóttur- og hlutdeildarféлага	(655)	1.056
Heildarafkoma tímabilsins	<u>15.567</u>	<u>(464)</u>
Skipting heildarafkomu:		
Hluthafar móðurfélags	15.612	(620)
Hlutdeild minnihluta	(45)	156
Heildarafkoma tímabilsins	<u>15.567</u>	<u>(464)</u>

Skýringar á blaðsíðum 10 til 12 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum

Efnahagsreikningur 30. júní 2013

	30.6.2013	31.12.2012
Eignir		
Rekstrarfjármunir	104.397	100.774
Ófnislegar eignir	113.931	113.931
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum	15.700	17.860
Aðrar fjárfestingar	120	120
Lífrænar eignir	7.901	7.496
Fastafjármunir	<u>242.049</u>	<u>240.181</u>
Birgðir	26.892	23.261
Lífrænar eignir	3.236	2.884
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	27.344	29.874
Handbært fé	4.007	8.639
Veltufjármunir	<u>61.479</u>	<u>64.658</u>
Eignir samtals	<u><u>303.528</u></u>	<u><u>304.839</u></u>
Eigið fé		
Hlutfé	18.619	18.619
Lögbundinn varasjóður	27.031	27.031
Þýðingarmunur vegna erlendra hlutdeildarféлага	2.047	2.716
Óráðstafað eigið fé	122.977	117.832
Eigið fé hluthafa móðurfélagsins	<u>170.674</u>	<u>166.198</u>
Hlutdeild minnihluta	3.140	3.185
Eigið fé samtals	<u>173.814</u>	<u>169.383</u>
Skuldir		
Vaxtaberandi skuldir	47.364	61.113
Tekjuskattsskuldbinding	32.549	33.425
Langtímaskuldir	<u>79.913</u>	<u>94.538</u>
Vaxtaberandi skuldir	22.273	17.443
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	16.356	15.156
Skattar til greiðslu	11.172	8.319
Skammtímaskuldir	<u>49.801</u>	<u>40.918</u>
Skuldir samtals	<u>129.714</u>	<u>135.456</u>
Eigið fé og skuldir samtals	<u><u>303.528</u></u>	<u><u>304.839</u></u>

Skýringar á blaðsíðum 10 til 12 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum

Eiginfjáryfirlit 30. júní 2013

	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Þýðingar munur	Óráðstafað eigið fé	Hlutdeild minni- hluta	Eigið fé samts
1. janúar til 30. júní 2012						
Eigið fé 1.1.2012	18.619	27.031	1.713	125.342	2.824	175.529
Heildarhagnaður (-tap) tímabilsins			1.056	(1.674)	156	(462)
Greiddur arður 0,4 kr. á hlut				(4.094)		(4.094)
Eigið fé 30.6.2012	18.619	27.031	2.769	119.574	2.980	170.973
1. janúar til 30. júní 2013						
Eigið fé 1.1.2013	18.619	27.031	2.716	117.832	3.185	169.383
Heildarhagnaður (-tap) tímabilsins			(669)	16.281	(45)	15.567
Greiddur arður 1 kr. á hlut				(11.136)		(11.136)
Eigið fé 30.6.2013	18.619	27.031	2.047	122.977	3.140	173.814

Skýringar á blaðsíðum 10 til 12 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum

Sjóðstreymisýfirlit 1. janúar til 30. júní 2013

	2013 1.1.-30.6.	2012 1.1.-30.6.
Rekstrarhreyfingar		
Rekstrarhagnaður tímabilsins	18.369	1.792
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:		
Söluþap rekstrarfjármuna	10	0
Virðisrýrnun aflaheimilda	0	21.601
Afskriftir	5.770	5.295
Lífrænar eignir, breyting	(495)	(395)
	<u>23.654</u>	<u>28.293</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum	(745)	(2.689)
Breytingar á rekstrartengdum skuldum	856	(20)
	<u>111</u>	<u>(2.709)</u>
Innheimtar vaxtatekjur	34	40
Greidd vaxtagjöld	(1.342)	(2.350)
Greiddir skattar	(1.845)	0
Handbært fé frá rekstri	<u>20.612</u>	<u>23.274</u>
Fjárfestingarhreyfingar		
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	(9.490)	(9.966)
Söluverð rekstrarfjármuna	60	3
Aðrar fjárfestingar	8	0
Fjárfestingarhreyfingar	<u>(9.422)</u>	<u>(9.963)</u>
Fjármögnunarhreyfingar		
Greiddur arður	(11.136)	(4.094)
Skammtímalán	2.335	5.802
Afborganir langtímalána	(7.021)	(29.842)
Fjármögnunarhreyfingar	<u>(15.822)</u>	<u>(28.134)</u>
Lækkun á handbæru fé	(4.632)	(14.823)
Handbært fé í ársbyrjun	<u>8.639</u>	<u>21.228</u>
Handbært fé í lok tímabilsins	<u>4.007</u>	<u>6.405</u>

Skýringar á blaðsíðum 10 til 12 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum

Skýringar

1. Félagið

HB Grandi hf. ("Félagið") er íslenskt hlutafélag. Höfuðstöðvar félagsins eru að Norðurgarði 1, Örfirisey í Reykjavík. Árshlutareikningur samstæðunnar hefur að geyma árshlutareikning félagsins og dótturfélaga þess, sem vísað er til í heild sem "samstæðunnar" og til einstakra félaga sem "samstæðufélaga", og hlutdeild samstæðunnar í hlutdeildarfélögum.

HB Grandi hf. gerir út 11 fiskiskip og vinnur fiskafurðir á sjó, í Reykjavík, á Akranesi og Vopnafirði. Félagið hefur mestar aflaheimildir íslenskra útgerðarfélaga og rekur eigin markaðsdeild sem selur afurðirnar um heim allan. Með reynslumiklu og hæfu starfsfólki er lögð áhersla á ábyrga umgengni til sjós og lands og gæði afurða.

2. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Samandreginn árshlutareikningur HB Granda hf. inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2012.

Hægt er að nálgast ársreikninginn hjá félaginu eða á vef þess www.hbgrandi.is og á vef Kauphallar Íslands; <http://www.nasdaqomxnordic.com/firstnorth>.

Stjórn félagsins staðfesti árshlutareikninginn 22. ágúst 2013.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings samstæðunnar fyrir árið 2012.

Árshlutareikningurinn er gerður í evrum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru í þúsundum evra.

4. Mat og ákvarðanir

Gerð árshlutareikninga í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru endurskoðaðar reglulega. Áhrifin af breytingum eru færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

Skýringar, frh.:

5. Starfspáttayfirlit

Starfspættir 1.1.-30.6.2013	Botnfiskur	Uppsjávar- fiskur	Annað	Jöfnunar- færslur	Samtals
Seldar vörur	55.353	40.344	3.613		99.310
Kostnaðarverð seldra vara	(45.652)	(23.432)	(3.223)		(72.307)
Vergur hagnaður	9.701	16.912	390	0	27.003
Útflutningskostnaður					(6.065)
Annar rekstrarkostnaður					(2.569)
Rekstrarhagnaður					18.369
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld					2.941
Áhrif hlutdeildarfélaganna					(1.502)
Hagnaður fyrir tekjuskatt					19.808
Tekjuskattur					(3.586)
Hagnaður tímabilsins					<u>16.222</u>

Starfspættir 1.1.-30.6.2012

Seldar vörur	55.712	33.430	4.148	(31)	93.259
Kostnaðarverð seldra vara	(41.050)	(17.366)	(2.954)	31	(61.339)
Vergur hagnaður	14.662	16.064	1.194	0	31.920
Útflutningskostnaður					(5.494)
Annar rekstrarkostnaður					(3.033)
Virðisrýrnun aflaheimilda					(21.601)
Rekstrarhagnaður					1.792
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld					(2.021)
Áhrif hlutdeildarfélaganna					1.252
Hagnaður fyrir tekjuskatt					1.023
Tekjuskattur					(2.543)
Tap tímabilsins					<u>(1.520)</u>

6. Veidigjald

Félagið greiðir veiðigjöld skv. lögum nr. 74/2012 um veiðigjöld, vegna þeirra aflaheimilda sem félagið hefur fengið úthlutað. Á tímabilinu janúar til júní 2013 nam gjaldfært veiðigjald 7.230 þús. evrum (janúar til júní 2012: 1.848 þús. evrur).

Í júlí 2013 samþykkti Alþingi breytingu á lögum um veiðigjöld fyrir fiskveiðiárið 2013/2014. Sérstakt veiðigjald fyrir botnfiskheimildir var lækkað úr 23,20 kr. í 7,38 kr. á þorskígildiskíló og sérstakt veiðigjald fyrir uppsjávarfiskheimildir var hækkað úr 27,50 kr. í 38,25 kr. Þar sem breyting á sérstöku veiðigjaldi nær aðeins yfir eitt fiskveiði ár og óvissa er um veiðigjöld eftir fiskveiðiárið 2013/2014 telja stjórnendur að ekki sé til staðar forsendur um að breyta mati aflaheimilda.

7. Gengismunur

Með hliðsjón af nýlegum dómum Hæstaréttar Íslands, sem varpa skýrara ljósi á réttarstöðuna þegar fjárhæð láns er tilgreind sem „jafnvirði“ tiltekinnar fjárhæðar í íslenskum krónum, mat einn viðskiptabanka félagsins eitt lán með þeim hætti að það feli í sér ólögmdæta gengisviðmiðun. Bankinn ákvað því að endurreikna lánið. Lækkun höfuðstóls að fjárhæð 4.203 þús. evrur er vegna þessa tekjufærð meðal gengismunar.

Skýringar, frh.:

8. Tekjuskattur

	2013		2012	
	1.1.-30.6.		1.1.-30.6.	
Tekjuskattur í rekstrarreikningi greinist þannig:				
Frestaðir skattar:				
Breyting tímabundinna mismuna	(3.586)	(2.543)
Virkur tekjuskattur í rekstrarreikningi greinist þannig:				
Hagnaður fyrir tekjuskatt		19.808		1.023
Tekjuskattur miðað við gildandi skatthlutfall	20,0%	(3.962)	20,0%	(205)
Áhrif gengismunar	(0,2%)	48	232,1%	(2.374)
Áhrif skatthlutfalla á erlendu skattsvæði	(0,1%)	24	25,8%	(264)
Aðrir liðir, ófrádráttarþætur	(1,5%)	304	(29,3%)	300
	18,1%	(3.586)	248,6%	(2.543)

9. Kennitölur

Helstu kennitölur samstæðunnar:	30.6.2013	31.12.2012
Veltufjárhlutfall - veltufjármunir/skammtímaskuldir	1,23	1,58
Lausafjárhlutfall - kvikir veltufjármunir/skammtímaskuldir	0,63	0,94
Eiginfjárhlutfall- eigið fé/heildarfjármagn	0,57	0,56